

Samræmdur vitnisburður við lok grunnskóla vorið 2016

Fundur í samstarfi Skólameistarafélags Íslands, Skólastjórafélags Íslands og Menntamálastofnunar 20. febrúar 2017 kl. 14.00-16.30.

Erindi Brynhildar Sigurðardóttur

GLÆRA 1.

Grunnskólar vinna allir eftir sömu námskrá og markmið Aðalnámskrár 2011/2013/2016 er m.a. að tryggja betra samræmi í upplýsingagjöf um námsframvindu nemenda, sérstaklega svo að jafnræðis gæti við innritun íslenskra ungmenna í framhaldsskóla. Matsviðmið Aðalnámskrár setja þessi samræmdu viðmið og einkunnir við útskrift grunnskólanemenda eiga að vísa til þeirra.

En matsviðmiðin eru víð og almennt orðuð. Skólar geta túlkað þau á margvíslegan máta og útfært vinnuna að þeim á fjölbreyttan hátt. Þetta er ekki nýtt vandamál í námskrám grunnskóla og ef við viljum gefa fagmönnum frelsi til að njóta sín í starfi þá sættum við okkur við að hægt sé að fara margar leiðir að um það bil sama marki.

GLÆRA 2.

Ef við berum saman matsviðmið núverandi námskrár og lokamarkmið fyrri námskrár, Aðalnámskrár frá árinu 2007 þá sjáum við að nú hafa kennarar viðmið um hvernig við greinum að lágmarksárangur, góðan árangur og framúrskarandi árangur. Samkvæmt gömlu námskránni stefndu allir að sömu lokamarkmiðum en hvernig þau markmið voru mæld á kvarðanum 1-10 var ákvörðun hvers skóla fyrir sig.

GLÆRA 3.

Reynsla Garðaskóla vorið 2016 var að nýja námsmatið væri betri mælikvarði á stöðu nemenda og virkaði vel til að fleyta nemendum inn í viðeigandi námsleiðir í framhaldsskólunum.

- Gerð **einstaklingsnámskráa** hafði eflst, matsviðmiðin voru hjálpleg þegar áherslur voru lagðar með nemendum og forráðamönnum og samtalið um innritun, t.d. á starfsbrautir var í gangi. Nemendur með einstaklingsnámskrár eru nemendur sem fá D einkunnir eða stjörnumerktar einkunnir af því að hæfni þeirra nær ekki því lágmarki sem C einkunnin skilgreinir.
- **Skilin milli hæfni nemenda inn á 1. og 2. þrep** í framhaldsskólanum voru vel skilgreind innan skólans og hjálpleg til að greina á milli C og B lokaeinkunna nemenda í 10. bekk. Í Garðaskóla búum við mjög vel að samtalinu við Fjölbautaskólann í Garðabæ – kennarar og stjórnendur höfðu skoðað námskrárnar saman og sett niður grunn línur.
- Skýrt að A fengu aðeins nemendur sem sköruðu framúr og sýndu meiri hæfni en lokaeinkunnin B og nám á 1. þrep framhaldsskóla gerir ráð fyrir. Þessi hópur er stór í Garðaskóla (um 25% nemenda í stærðfræði og ensku, um 15% nemenda í íslensku) og tengist það ferðakerfi skólans og þeirri áherslu sem lögð er á að nemendum gefist kostur á að hefja framhaldsskólanámið sitt á meðan þeir ljúka 10. bekk í skólanum.

Við höfðum á fyrri árum fengið talsvert af kvörtunum frá forráðamönnum nýútskrifaðra nemenda sem fengu ekki inni í þeim framhaldsskólum sem þeir sóttust helst eftir – þetta vandamál tengdist

þeim skólum sem voru vinsælastir og þurftu að velja úr stórum hópi umsækjenda. Vorið 2016 virtust allir okkar nemendur komast inn í þessa skóla ef þeir sóttust eftir því, A-ið þeirra dugði á meðan einkunnir á bilinu 8,5-9,3 höfðu ekki gert það áður. Þannig að okkar mat var að með því að breikka viðmiðin, eins og bókstafirnir gera þá röðuðust nemendur „réttar“ inn í framhaldsskólana.

Það sem við sáum þegar við gengum frá einkunnum fyrir útskrift var að matsviðmiðin voru í raun hjálpleg til að rökstyðja lokaeinkunnir. Í deildum hjá okkur þar sem kennarar höfðu að hluta til gefið talnaeinkunnir fyrir verkefni reyndist niðurstaðan ekki alltaf í samræmi við væntingar kennara, bókstafseinkunnir sem fengust sem „meðalta“ úr ýmiss konar verkefnavinnu gaf ekki þá mynd af hæfni nemenda sem kennurum fannst réttust miðað við sýna faglegu sýn á vinnu viðkomandi yfir árið – og þá létum við matsviðmiðin stýra lokaeinkunninni.

En...

GLÆRA 4.

Það sem ég segi hérna er bara sjónarmið mitt sem skólastjóri Garðaskóla – ég er bundin af okkar reynslu og okkar áherslum og tala bara út frá þeim. Það er líklegt að síðasta vor hafi margir skólar þýtt talnaeinkunnir í bókstafina og ekkert horft í matsviðmiðin. Aðrir skólar reyndu að fara hálfa leið eins og við – en þetta er ekki tæk aðferð og ráðuneytið hefur áréttað þetta við grunnskólana nú í vor. Einhverjir skólar voru alfarið komnir yfir í að horfa á matsviðmiðin og tryggja að námsmat væri í samræmi við þau og það sem ég heyri frá þeim skólum er sátt við kerfið.

Það sem ég veit um samræmdan vitnisburð hef ég út úr samtölum mínum við kennara og skólastjórnendur í mínum skóla og fleiri skólum. Ég heyri hvernig við berum okkur saman, skiptumst á túlkunum og tókum ákvarðanir um frágang á námsmati. Þetta samtal er nauðsynlegt til að tryggja sameiginlegan skilning:

- Hvað þýðir A? Það þýðir bara það sem matsviðmiðin segja. En samt er nauðsynlegt að fagmenn tali sig saman um hvernig matsviðmiðið er heimfært á verkefni og vinnu nemenda. Og hvernig vitum við að allir séu að stilla sig inn á sömu túlkanir? Við vitum það ekki.
- Hversu breitt er B? Er tryggt að allir nemendur fái tækifæri til að sanna sig nógu oft á öllum þeim þáttum sem viðmiðin gera ráð fyrir? Eru kennarar í öllum grunnskólum að sjóngreina lokaeinkunnir með hliðsjón af matsviðmiðunum? Það er kostur að skilin á milli B og C miðist við 1. og 2. þrep framhaldsskóla en óljóst er hvort allir grunnskólar hafi sömu sýn á þessi mörk, og tækifæri til að greina þarna á milli.
- Eru matsviðmiðin sanngjörn í öllum tilfellum? Náttúrufræðin kvartar um að viðmiðin séu of háleit og umfangsmikil. Kennarar hafa bent á að hæfnin sem lýst er í matsviðmiðum lýsi því sem búast má við af fullorðnum fagmönnum. Danskan kvartar um að þurfa að uppfylla sömu viðmið og enskan þar sem nemendur hafa miklu meiri reynslu af tungumálinu og í flestum tilfellum fleiri kennslustundir að baki líka. Í báðum tungumálum miðast námskrá við að nemendur sýni hæfni á þriðja stigi við loka grunnskóla og miðast þetta stig við Evrópsku tungumálamöppuna (sjá t.d. á vef Menntamálastofnunar: <https://www.mms.is/namsefni/evropska-tungumalamappan-fyrir-grunnskolestig>).

Rafræna vitnisburðarskírteinið sem Menntamálastofnun setti í notkun vorið 2016 er nauðsynlegt tæki til að stýra öllum skólum inn í sömu hugsunina um Aðalnámskrá og frágang námsmats. Þó eru vankantar á skírteininu. Afleitt er að ekki hafi verið brugðist við öllum athugasemdum grunnskólanna við uppsetningu skírteinisins. Sund og íþróttir heyra bæði undir sama námssviðið og kennarar eru afar ósáttir því hæfni nemenda getur verið afar mismunandi á þessum sviðum. Sömu sögu er að segja af list- og verkgreininum. Þegar ekki er hlustað á raddir skólanna um þörfina á að aðgreina þessar greinar betur þá sitjum við uppi með að það er handahófskennt hvað lendir inni í þessum reitum. Er

það samtíningur af hæfni nemenda á jafn ólíkum sviðum og smíði/textíl? Eða er það brot af þeirri hæfni sem nemendur sýna, t.d. bara smíði og textíllinn er svo settur undir valgreinarnar? Þótt að hæfnin sem meta á tengist meira viðhorfi, hugsun og almennum framgangi í vinnunni og bara að litlum hluta hæfninni til að vinna með það efni sem heyrir undir greinina – þá er áhugasvið nemenda svo ólíkt í þessum greinum að það virðist ósanngjarnt að slá þeim saman í of stór svið.

Það er ástæða til að hafa áhyggjur af samræmingunni, spurningunni um hvort vitnisburður við lok grunnskóla sé í raun samræmdur. Grunnskólastarfið miðar mjög mikið að því að mæta kröfunni um einstaklingsmiðað nám. Foreldrar gera í mörgum tilfellum ráð fyrir því að námið sé miðað að barninu þeirra, fremur en að barnið eigi að vinna að því að ná viðmiðum árgangsins. Hver er togstreitan milli krafna Aðalnámskrár grunnskóla um einstaklingsmiðað nám annars vegar og hins vegar um samræmdan vitnisburð við lok grunnskóla? Erum við að pukrast með þá staðreynd að grunnhæfni í læsi, stærðfræði og ensku sé nauðsynlegt forsenda þess að vel gangi í námi á seinni skólastigum? Þessi togstreita birtist til dæmis í fyrirspurn forráðamanns í Garðaskóla nýlega: „Hvernig er það með samræmda prófið? Nú er barnið mitt í hægferð í stærðfræði. Samræmda prófið er ekki aðlagð - á barnið þá einhvern möguleika á að ganga ágætlega, er það búið að fara yfir allt efnið sem farið er í þar?“

Við þurfum að skerpa línur í þessum efnum og hætta að pukrast með það að nemendur búi yfir mismikilli hæfni á ólíkum sviðum. Samræmingin er að mínu mati nauðsynleg til að byggja menntun hvers einstaklings á heiðarlegum grunni og tryggja að nemendum sé beint áfram á námsleiðir sem henta þeirra hæfni.

Á sama tíma er mikilvægt að horfa til þess að á Íslandi hafa í raun bara verið gerðar samræmdar kröfur um námsmat á örfáum sviðum, þeim sviðum sem ég kallaði grunnhæfni hér að ofan: íslensku, stærðfræði og ensku. Grunnskólinn vinnur að miklu fleiri hæfnipáttum: grunnþáttum menntunar, lykilhæfni og hæfni í greinum á borð við list- og verkgreinar, náttúrufræði, dönsku, samfélagsfræði og íþróttir. Viljum við samræma vitnisburð í þessum greinum við lok grunnskóla? Eða þjónar slíkt engum mikilvægum tilgangi?

GLÆRA 5.

Til að samræming sé möguleg þarf „þriðja auga“ – utanaðkomandi aðila sem tryggir að allir fylgi sömu viðmiðum. Mikið hefur vantað upp á að ytra mat sé unnið ítarlega og reglulega í grunnskólum undanfarin ár. Skólanámskrár hafa víða verið í mikilli endurskoðun frá setningu nýrra grunnskólalaga árið 2008. Í mína tíð sem skólastjóri hef ég lítið orðið vör við ytra mat. Samræmd könnunarpróf nemenda, PISA og TALIS kannanirnar eru stór verkefni sem reglulega eru lögð fyrir alla skóla en niðurstöður úr þeim fjalla um afmörkuð svið og skólinn fær ekki alltaf sínar eigin niðurstöður, heldur þarf að lesa út úr heildarniðurstöðu landsins. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur sent út nokkrar rafrænar kannanir til að fylgjast með afmörkuðum þáttum, svo sem sundkennslu og hvort íslenska sé nýtt í þeim upplýsingatækniáætlunum sem skólarnir nota. Garðaskóli hefur ekki fengið neina heildarúttekt í meira en 10 ár.

Ástæða er til að fylgjast mjög vel með þróun samræmdra könnunarprófa. Yfirstandandi umræða um að taka ritunarþátt út úr íslensku- og enskuprófunum er áhyggjuefni vegna þess að með þeirri breytingu myndi fækka þeim þáttum sem prófið mælir – og þegar verksvið prófsins verður rýrara er erfiðara að skilja aukið vægi þess á skilum grunn- og framhaldsskóla. Þó er skýrt að með breytingum á reglugerðum grunn- og framhaldsskóla haustið 2016 var prófunum gefið aukið vægi t.d. til að ýta undir útskrift nemenda við lok 9. bekkjar.

Þegar ytra mat grunnskólanna er veikt er meiri þörf á samráði milli skóla og sveitarfélaga. Ekki er skýrt hvaða krafa er gerð til skóla um samráð, ef undan er skilin krafan um samráð á skilum leik- og grunnskóla. Það virðist handahófskennt hvort skólar taki tíma til að eiga fagleg samtöl, margir sinna þessu vel en aðrir alls ekki. Hætta er á sveitarfélög lokist inni í sjálfum sér og einstakir skólar geri „bara eitthvað“ því eftirlit er svo lítið.

GLÆRA 6.

Að mínu mati er hægt að bæta stöðuna á ýmsan hátt og tryggja þar með nauðsynlegt samræmi vitnisburða við lok grunnskóla.

- Styrkja samræmd próf og tengja betur námslokum í grunnskólum.
- Stórefla ytra mat
- Opna gagnabanka svo hægt sé að bera saman vitnisburð grunnskóla
- Setja aftur inn matspróf – nemendur metnir inn á þrep framhaldsskóla (féll niður haust 2016). Söknuður er að matsprófum sem nemendur gátu sótt um að taka tvisvar á ári til að fá mat á stöðu í einstökum námsgreinum gagnvart námskrá framhaldsskóla, t.d. eftir búsetu erlendis.

Lykilspurningar:

- Hafa allir grunnskólar sameiginlegan skilning á matsviðmiðum Aðalnámskrár? Hver fylgist með því?
- Hver er togstreitan milli krafna Aðalnámskrár grunnskóla um einstaklingsmiðað nám annars vegar og hins vegar um samræmdan vitnisburð við lok grunnskóla? Erum við að þukrast með þá staðreynd að grunnhæfni í læsi, stærðfræði og ensku sé nauðsynlegt forsenda þess að vel gangi í námi á seinni skólastigum?
- Hvert er hlutverk samræmdra prófa á unglingsstigi? Hvernig tengjast samræmdu prófin samræmdum vitnisburði grunnskólanna?
- Er ytra mat grunnskóla nægilegt? Hvernig getur ytra mat tryggt betur samræmdan vitnisburð við lok grunnskóla?